

Fljótsdalshérað
Ómar Þróstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



Reykjavík, 17. september 2014
Tilvísun: UST20140900007/ksj

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi tjaldsvæðis á Stóra Sandfelli

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 og lýsingu tillögu að deiliskipulagi í landi Stóra Sandfells.


Náttúrulegir birkiskógar


Þar sem áætlað skipulagssvæði nær yfir náttúrulegan birkiskóg vill Umhverfisstofnun benda á að eitt af markmiðum íslenskra stjórnvalda skv. ritinu Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, er: *Að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.* Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdum við stækkun tjaldsvæðis og ferðapjónustusvæðis sé hagað þannig að þau skerði ekki náttúrulegan birkiskóg.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í væntanlegu deiliskipulagi komi skýrt fram áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri